

Íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla ÍSGEM fyrir áhættumat og matvælaöryggi

Birting á netinu


Nýjar aðgengilegar næringarefnatölur hafa verið birtar á vefsíðu Matís sem pdf skjöl.

[Næringarefnatölur - Matís](#)

Þessar tölur eru hentugar til að bera saman fæðutegundir. Áfram er hægt að nota Leitina til að skoða mörg næringarefni fyrir eina fæðutegund í einu.

[Leit í ÍSGEM - Matís](#)

Að baki framangreindri miðlun á netinu er ÍSGEM (íslenski gagnagrunnurinn um efnainnihald matvæla) bak við eldveggi hjá Matís. Hann geymir mun meiri upplýsingar en hægt er að sýna á vefsíðunni. Nefna má fleiri fæðutegundir og næringarefni ásamt skilgreiningum á fæðutegundum, næringarefnum og gögnum.



Eydís Ylfa vinnur við skráningu á gögnum í ÍSGEM

Áhættumat og matvælaöryggi

Á árinu 2025 var unnið að því að bæta gæðakerfi ÍSGEM í samstarfi við evrópska félagið EuroFIR. Meðal annars var bætt við skilgreiningum fæðutegunda samkvæmt kröfum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA). Að þessu loknu uppfylltu íslensku gögnin gæðakröfur EFSA um lýsingu fæðutegunda.

Valin gögn úr ÍSGEM hafa verið afhent EFSA og verða hluti af samevrópskum gagnagrunni. Nú er ÍSGEM því orðinn hluti af íslenskum innviðum fyrir áhættumat og matvælaöryggi.

Gögn um þungmálma hafa nú þegar verið skráð í ÍSGEM. Gagnagrunnurinn er byggður upp úr samtengdum tölflum þannig að hægt er að bæta við nýjum tölflum fyrir aðra flokka aðskotaefna, kolefnisspor og fleira.

Dæmi – vítamín

Innihald í 100 g af ferskum jarðarberjum:

E vítamín 0,39 mg

Fólat, B9-vítamín 63,5 µg

C vítamín 68 mg



Skilgreiningar fæðutegunda

Í viðskiptum og rannsóknum er mjög mikilvægt að matvæli séu skilgreind þannig að ekki sé vafamál um hvað sé að ræða. Í ÍSGEM eru allar fæðutegundir nú skilgreindar með tvenns konar kóðun: (1) Evrópska kerfið frá EFSA sem var nefnt hér að framan, það er auðkennt FoodEX2 og er grundvöllur áhættumats í Evrópu. (2) Alþjóðlega LanguaL kerfið sem hentar sérstaklega vel fyrir tölvuvinnslu.

Ábendingar eru vel þegar

Allar ábendingar og spurningar eru vel þegar.

Hafið samband við:

Eydís Ylfu Erlendsdóttur, eydisylfa@matís.is

eða Ólaf Reykdal, olafurr@matís.is

Skilgreining á ferskum jarðarberjum samkvæmt FoodEX2:

A01EA#F28.A07HS - Strawberries,
PROCESS = Raw, no heat treatment

Skilgreining á ferskum jarðarberjum samkvæmt LanguaL:

A0143 A0833 B1393 C0140 E0150 F0003 G0003
H0003 J0003 K0003 M0001 N0001 P0024

